

Miðvikudaginn 10. nóvember 1965.

Nr. 140/1964. **Jón Bjarnason,**
Oddný Svala Bjarnadóttir
 og
Rafn Reynir Bjarnason
 (Einar Gunnar Einarsson hdl.)
 gegn
Hildu Emilíu Hilmarsdóttur
 (Kristinn Ó. Guðmundsson hdl.).

Dómenður:

hæstaréttardómaramirnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson,
 Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Ármann
 Snævarr.

Erfðamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, hafa skotið héraðsdóminum til Hæstaréttar með stefnu 31. ágúst 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 27. s. m. Áfrýjandi Oddný Svala Bjarnadóttir hefur áfrýjað fjárnámsgerðinni með stefnu 17. nóvember 1964, að fengnu áfrýjunarleyfi 14. s. m. Fyrir Hæstarétti hafa áfrýjunarmál þessi verið sameinuð.

Áfrýjendur gera þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði gert að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi, sem nú er fjárráða orðin og fer sjálf með mál sitt, krefst staðfestingar hinna áfrýjuðu dómsathafna að öðru en því, að ársvextir reiknist af kr. 63.109.48 6% frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 9% frá þeim degi til 28. desember 1960, 7% frá þeim degi til 1. janúar 1965 og 6% frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst stefndi þess, að áfrýjendum verði dæmt að greiða henni óskipt málskostnað fyrir Hæstarétti.

Stefndi í héraði Bjarni Guðmundsson, sem ekki hefur

áfrýjað málinu af sinni hendi, hefur hinn 23. desember 1963 greitt „inn á hinn áfrýjaða dóm kr. 53.000.00“. Í skiptum áfrýjunaraðilja verður eigi í máli þessu litið til þeirrar greiðslu, eins og málflutningi er háttað.

Hilda Emilía Hilmarsdóttir, stefndi í máli þessu, er eftir undirstöðurökum 1. gr. laga nr. 57/1921 skilgetin og nýtur samkvæmt því erfðaréttar eftir ömmu sína, Gestfríði Ólafsdóttur. Með þessari athugasemd og skírskotun til forsendna héraðsdóms að öðru leyti ber að staðfesta hann ásamt hinni áfrýjuðu fjárnámssgerð að öðru en því, að vextir reiknist í samræmi við kröfugerð stefnda hér fyrir dómi.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að áfrýjendur greiði óskipt stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dómsorð:

Héraðsdómurinn, að því leyti sem honum hefur verið áfrýjað, og hin áfrýjaða fjárnámssgerð eiga að vera öröskuð, þó svo, að ársvextir af kr. 63.109.48 reiknist 6% frá 1. janúar 1965 til greiðsludags.

Áfrýjendur, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, greiði óskipt stefnda, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 2. maí 1963.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. f. m., hefur Ólína Guðlaugsdóttir, Langholtsvegi 105, Reykjavík, höfðað f. h. ólögráða dóttur sinnar, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, að undangenginni árangurslausri sáttatilaun, gegn þeim Bjarna Guðmundssyni, Framnesvegi 13, Oddnýju Svölu Bjarnadóttur, Bólstaðahlíð 37, Jóni Bjarnasyni, Ingólfsstræti 11, og Rafni Reyni Bjarnasyni, Framnesvegi 13, öllum hér í borg, og gert eftirfarandi stefnukröfur:

„Aðalkrafa: Að stefndu verði gert að greiða kr. 72.355.35 auk 6% ársvaxta frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 10% ársvaxta frá þeim tíma til 28. desember 1960 og 8% ársvaxta frá þeim degi til greiðsludags.

1. varakrafa: Að stefndu verði gert að greiða kr. 72.355.35 pro rata, þannig að hvert þeirra um sig greiði $\frac{1}{4}$ hluta fjárhæðarinnar, eða kr. 18.088.84, auk vaxta, svo sem segir í aðalkröfu.

2. varakrafa: a) að stefndu verði gert að afsala til Hildu Emilíu Hilmarsdóttur $\frac{3}{32}$ hlutum fasteignarinnar nr. 13 við Framnesveg hér í bæ.

b) að stefndu verði að auki gert að greiða in solidum Hildu Emilíu kr. 3.167.81 auk vaxta af þeirri fjárhæð, svo sem segir í aðalkröfu.“

Þá hefur stefnandi einnig krafizt málskostnaðar að mati réttarins, svo sem mál þetta væri eigi gjafsóknarmál, en hún fékk gjafsókn í máli þessu með bréfi Dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 15. janúar 1962.

Stefndi Bjarni Guðmundsson hefur krafizt algerrar sýknu af öllum kröfum stefnandi og hæfilegs málskostnaðar úr hennar hendi að mati dómsins.

Stefndu Oddný, Jón og Rafn hafa aðallega krafizt sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnandi að mati dómsins, en til vara lækkunar á kröfum stefnandi.

Málavextir eru svofelldir að sögn stefnandi:

Hinn 27. nóvember 1943 giftist Ólína Guðlaugsdóttir Hilmarí E. Jóhannessyni, en hún telur kunningsskap þeirra hafa stofnast í júní árið 1941 og trúlofun sína hafi þau opinberað í maí 1942. Hilmar fórst í janúarmánuði 1944 með b/v Max Pemberton. Mánuði síðar, eða 13. febrúar 1944, fæddist þeim dóttir, er skírð var Hilda Emilía Hilmarsdóttir. Móðir Hilmars, þ. e. amma Hildu Emilíu, var Gestfríður Ólafsdóttir. Hafði hún átt Hilmar utan hjónabands með Jóhannesi Brynjólfssyni.

Er Hilmar var um eins árs gamall, giftist móðir hans Bjarna Guðmundssyni, Framnesvegi 13, Reykjavík, og eignuðust þau þrjú börn saman, þau Oddnýju Svölu, Jón Guðmund og Rafn Reyni.

Þann 22.9. 1947 andaðist Gestfríður Ólafsdóttir, móðir Hilmars og amma Hildu Emilíu. Bjarni Guðmundsson eiginmaður hennar sat í óskiptu búi í nokkur ár eftir lát hennar. En þann 29.9. 1953 fóru fram einkaskipti á dánarbúi Gestfríðar heitinnar

Ólafsdóttur, án þess að opinber auglýsing væri gefin út um skiptin.

Við skipti þessi var alveg gengið fram hjá Hildu Emilíu sem löglegum erfingja eftir ömmu sína og búinu eingöngu skipt milli eftirlifandi makans: Bjarna Guðmundssonar og barna hans og Gestfríðar heitinnar, þeirra Oddnýjar Svölu, Jóns Guðmundar og Rafns Reynis, þ.e.a.s. stefndu í máli þessu.

Stefnandi kveður stefndu enga heimild hafa haft til að ganga fram hjá Hildu Emilíu við skiptin. Hún kveðst ekki hafa fengið vitneskju um þau, fyrr en mörgum árum eftir að þau voru um garð gengin, og kveðst þá hafa gert ítrekaðar tilraunir til að fá þau endurupptekin til leiðréttingar, en þar sem það hafi ekki borið árangur, hafi sér verið nauðsyn að höfða mál þetta til heimtu arfshlutans.

Við skiptin voru eignir félagsbúsins taldar þessar:

1. Fasteignin Framnesvegur 13, Reykjavík.
2. Skuldabréf Stofnlánadeildar sjávar-
útvegsins kr. 5.000.00
3. Innstæður í bönkum og sparisjóðum .. — 33.649.56

Skipti fasteignarinnar fóru fram á grundvelli matsgerðar eftir Skapta Ólafsson, dags. 15. september 1953, en þar var hún metin þannig:

Lóð	kr. 9.000.00
Íbúðarhús	— 393.000.00
Útihús og mannvirki	— 3.800.00

Samtals kr. 405.800.00

Þar frá voru dregnar eftirstöðvar af

veðskuld, að fjárhæð kr. 4.208.25

Skuldlaus fasteignin kr. 401.591.75

Skiptin fóru síðan fram samkvæmt erfðaskiptahlutföllum og voru endanlega framkvæmd þannig, að í hluta barnanna kom þakhæð hússins (34% af allri fasteigninni) ásamt tilheyrandi hlutdeild í eignarlóð og sameiginlegum gæðum hússins, en í peningum varð arfshluti hvers barns kr. 9.516.15.

Í hlut Bjarna Guðmundssonar kom neðsta hæð hússins og miðhæð ásamt hlutdeild í eignarlóð og sameiginlegum gæðum hússins (66% af allri fasteigninni) svo og framangreint skuldabréf og kr. 5.109.99 í peningum, er endanlega hafði verið gert

upp við börnin og þeim greidd uppbót á arfshluta þeirra í fasteigninni.

Aðalkröfu sína í málinu byggir stefnandi á því, að sér hafi sem erfingja borið $\frac{3}{32}$ hlutar af eignum félagsbúsins, er skipti fóru fram. Eignirnar hafi verið fasteignin Framnesvegur 13, Reykjavík, þá að fasteignamati kr. 27.000.00, en samkvæmt núgildandi fasteignamati kr. 138.500.00. En með því að stefndu hafi eignað sér allt húsið, verði að telja það sanngjarnt, að þeir greiði henni út sinn hluta, miðað við hið raunverulega verðmæti eignarinnar nú, sem stefnandi telur vera hið opinbera brunabótamat, en það er kr. 738.000.00. Arfshluti stefnandi af þeirri fjárhæð yrði því kr. 69.187.50.

Þá krefst stefnandi þess einnig að fá sinn arfshluta af peningum þeim og skuldabréfi, er búið átti, samtals að fjárhæð kr. 38.649.56, að fráðreginni áðurgreindri veðskuld á húsinu, að fjárhæð kr. 4.208.25, svo og erfðafjárskatti, að upphæð kr. 651.20. Peningar og verðbréf verða því að eftirstöðvum kr. 33.790.11. Arfshluti stefnandi, $\frac{3}{32}$ af þeirri fjárhæð, nemur kr. 3.167.81. Þannig reiknað, telur stefnandi arfshluta sinn í verðmæti fasteignarinnar, verðbréfsins og peninganna nema samtals kr. 72.355.35 (sic), sem hún telur, að stefndu beri solidaríska greiðsluskyldu á, þar sem þeir hafi á ólögmatan hátt slegið eign sinni á þenna arfshluta hennar.

Stefndi Bjarni Guðmundsson styður sýknukröfu sína þeim rökum, að samkvæmt 7. gr. erfðalaga nr. 42/1949 erfi það hjóna, sem lengur lifir, einn fjórða hluta af eignum maka síns, ef arfleiðandi á niðja á lífi. Einkaskiptin á dánarbúi Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur hafi farið fram í samræmi við þetta lagaákvæði, með því að stefndi Bjarni Guðmundsson hafi tekið $\frac{1}{4}$ hluta af eignum dánarbúsins í arf, svo sem lög standi til, enda gildi það arfshlutfall, hvort sem niðjar arfleiðanda séu einn eða fleiri.

Þótt svo hafi farið, er nú virðist upplýst, að erfingjarnir hafi ekki við skiptin haft í huga erfðarétt stefnandi, geti hún einungis átt kröfu á hendur hinum erfingjunum, þ. e. börnum þeirra Bjarna Guðmundssonar og Gestfríðar heitinnar Ólafsdóttur.

Fyrir ýtrustu varúðar sakir bendir þessi stefndi á, að frá hans sjónarmiði gæti aldrei komið til greina önnur krafa en 1. varakrafa stefnandi, og mótmælir því til vara öðrum kröfum hennar sem fjarstaðukenndum og gersamlega örökstuddum.

Stefndu Oddný Svala, Jón og Rafn Reynir reisa sýknukröfu

sína á því, að það sé ósannað, að Hilmar E. Jóhannesson hafi verið faðir Hildu Emilíu Hilmarsdóttur. Eftir gögnum málsins að dæma hafi Hilda Emilía verið getin vorið 1943. Hún sé því hvorki getin né fædd í hjónabandi og verði því eigi talin skilgetin.

Samkvæmt 2. gr. erfðalaga nr. 42/1949 erfi óskilgetið barn föður því aðeins, að hann hafi gengið við faðerninu, hann verið dæmdur faðir þess eða talinn faðir þess, er honum hefur orðið eiðsfall samkvæmt dómi. Enn fremur ef sambúð foreldra hefur staðið óslitið 10 mánuði fyrir fæðingu þess og þar til þremur árum eftir hana. Það eitt, að Hilmar E. Jóhannesson hafi gengið að eiga Ólafíu Guðlaugsdóttur, móður Hildu, 27. nóvember 1943 jafngildi ekki faðernisjátningu, og slík játning liggi hvergi frammi í málinu.

Með skírskotun til þessara röksemda telja stefndu, að Hilda Emilía hafi ekki átt erfðarétt eftir Hilmar E. Jóhannesson, og því geti hún eigi kallað til arfs eftir Gestfríði Ólafsdóttur.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 57/1921 um afstöðu foreldra til skilgetinna barna eru þau börn skilgetin, „sem fæðast í hjónabandi eða eftir hjónabandsslit á þeim tíma, að þau geta verið getin í hjónabandinu, enda sé ekki vefengt á þann hátt, er síðar segir, að þau séu skilgetin“.

Tilvik það, sem hér liggur fyrir til úrlausnar, fellur ekki beint undir nefnt ákvæði, en þegar það er haft í huga, að hjúskap þeirra Ólínu og Hilmars lýkur eigi með skilnaði, heldur dauða Hilmars, að því er álitnið er u.þ.b. aðeins einum mánuði fyrir fæðingu stefnandi, verður að telja með rýmkandi lögskýringu ofangreinds ákvæðis, að hún sé skilgetin dóttir Hilmars Jóhannessonar, enda hefur faðernið aldrei verið vefengt á þann hátt, sem fyrir er mælt í 4. gr. fyrrnefndra laga, og stefnandi í opinberum vottorðum ávallt sögð dóttir Hilmars og ekkert fram komið í málinu, er bendi til hins gagnstæða.

Stefnandi átti því lögerfðarétt eftir Gestfríði Ólafsdóttur, og er krafa hennar til arfshluta enn í fullu gildi, þrátt fyrir skiptin.

Kemur þá til álita, hverjum erfingjanna beri að endurgreiða stefnandi arfshluta hennar. Er þá einkum tvennt, er hafa ber í huga, en það er, hverjir hafi auðgast á því, að gengið var fram hjá stefnandi við skiptin, og í öðru lagi, hvort atferli erfingjanna við skiptin hafi verið þess eðlis, að það eitt út af fyrir sig baki þeim skaðabótaskyldu gagnvart stefnandi.

Ljóst er, að einungis stefndu Jón, Oddný og Rafn Reynir auðg-

uðust á kostnað stefnandi við skiptin. Eru þau því endurgreiðsluskyld á arfshluta stefnandi.

Að því er stefnda Bjarna Guðmundsson varðar, þá sótti hann með bréfi til borgarfégetans í Reykjavík, dags. 8. desember 1947, um búsetuleyfi eftir konu sína, Gestfríði Ólafsdóttur. Í bréfi þessu var eingöngu minnt á stefndu sem erfingja eftir Gestfríði, en stefnandi hvergi getið.

Með bréfi borgarfégetans í Reykjavík, dags. 13. desember 1947, var Bjarna veitt búsetuleyfið með börnum sínum, stefndu í máli þessu, sem þá voru öll ófjárráða:

Jóni, fæddum 31/8 1927,

Oddnýju Svölu, fæddri 15/7 1932, og

Rafni Reyni, fæddum 16/10 1936.

Er einkaskipti búsins fóru fram hinn 29. september 1953, var stefndi Rafn Reynir enn ófjárráða, en Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, er skipaður hafði verið fjárgæzlumaður hans við skiptin, kom fram fyrir hans hönd við það tækifæri.

Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður, lögmaður stefnda Bjarna Guðmundssonar í máli þessu, lýsti því yfir við munnlegan flutning málsins, að aldrei hefði verið minnt á stefnandi við skiptin, og kvaðst hann eigi hafa haft hugmynd um tilvist hennar þá.

Bjarni Guðmundsson hefur skýrt svo frá hér fyrir réttinum, að hann hafi vitað, að stefnandi var á lífi, er skiptin fóru fram, en talið, að hún ætti eigi erfðarétt eftir Gestfríði Ólafsdóttur. Ekki kvaðst Bjarni þó hafa leitað álits lögfræðings um það atriði.

Þá er og í ljós leitt við vitnaleiðslur í máli þessu, að stefndu Oddnýju og Jóni, er sjálf tóku þátt í einkaskiptunum, var kunnugt um tilvist stefnandi, enda höfðu þau haft eitthvert samneyti við hana á þessum árum.

Þegar það er virt, sem nú hefur verið rakið, þykja þau stefndu Bjarni, Jón og Oddný hafa komið fram af slíku gáleysi gagnvart hagsmunum stefnandi við skiptin, að leggja beri á þau solidariska ábyrgð gagnvart henni á greiðslu arfshlutans.

Eins og þegar er rakið, kom Gunnar Þorsteinsson hæstaréttarlögmaður fram f. h. Rafns Reynis við skiptin. Þar sem erfingjar þeir, er þátt tóku í skiptunum, minntust ekki á stefnandi sem erfingja í búinu, og ekkert bendir til, að Gunnar Þorsteinsson hafi haft vitneskju um erfðarétt stefnandi, verður stefndi Rafn Reynir eigi dæmdur in solidum með hinum stefndu, heldur einungis pro rata.

Upplýst er í málinu, að stefndu Jón, Oddný og Rafn Reynir hafa selt sinn hluta í fasteigninni nr. 13 við Framnesveg, eftir að til málssóknar þessarar kom, og einnig hafði stefndi Bjarni selt nokkurn hluta af sinni eign í húsinu, áður en mál þetta var höfðað. Er því eigi unnt að dæma stefndu til að afsala stefnandi arfshluta hennar í fasteigninni.

Er þá næst að finna viðmiðunargrundvöll þess verðmætis, er gekk stefnandi úr greipum við skiptin á fasteigninni.

Stefnandi hefur krafizt þess, að núgildandi brunabótamat hússins verði lagt til grundvallar útreikningi á arfshluta hennar. Í málinu hefur einnig verið lagt fram sérstakt mat tveggja dómkvaddra manna á fasteigninni, dags. 19. júní 1962, er hljóðar svo, að loknum upphafsorðum:

„Íbúðarhúsið er tvílyft, með porti, kvisti og risi. Veggir og loft eru úr steinsteypu, en stigar úr timbri. Einangrun útveggja er burðargrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Þar á er múrhúðað á vírneti og málað. Skilveggir rishæðarinnar eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum. Þessar þiljur eru strigalagðar og ýmist veggfóðraðar eða málaðar.

Á neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, vatnssalerni, anddyri, gangur, 2 geymsluklefar og gegnumgangur. Á efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 eldhús, vatnssalerni, gangur og anddyri. Á rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, vatnssalerni, þvottahús og 2 gangar. Mál á íbúðarhúsinu eru: Lengd 10.0 m, breidd 8.0 m og hæð 6.6 m. Hæð riss er 3.3 m.

Meðfram suðausturhorni lóðarinnar eru óvandaðir geymsluskúrar. Meðfram austurmörkum er lengd þeirra ca. 3.7 m og suðurmörkum ca. 3.6 m. Hæðin er ca. 1.9 m, en breiddin mismunandi 1.40—2.30 m.

Íbúðarhúsið mun vera byggt 1933, og því er vel við haldið.

Mannvirki þau, er á lóðinni standa, eru að fasteignamati kr. 131.000.00. Núgildandi brunabótamat er kr. 738.000.00.

Lóðin, sem er eignarlóð, er talin 148.7 m² að stærð, og er hún metin til lóðarverðs á kr. 7.500.00. Lóðin er 10.0 m á lengd meðfram götu. Gaflar hússins eru í lóðarmörkum og hús sambyggð á þessum hluta götunnar. Borið saman við grunnflöt hússins er lóðin frekar lítil.

Með hliðsjón af því, sem nú hefur verið rakið, svo og athugunum matsmanna á verði sambærilegra eigna og einkum með tilliti til sölumöguleika þykir mat á fasteigninni nr. 13 við Framnesveg hæfilega ákveðið kr. 640.000.00 — sex hundr-

uð og fjörutíu þúsund krónur —. Matsfjárhæðin er miðuð við greiðslu út í hönd.“

Þar sem mat þetta þykir öruggari verðmætismælikvarði en brunabótamatið, þykir rétt að leggja það til grundvallar útreikningi á arfshluta stefnandi. Samkvæmt þessu verður arfshluti stefnandi $\frac{3}{32}$ hlutar af kr. 640.000.00 + 33.167.81 (peningar og verðbréf) = kr. 63.109.48.

Að því er varðar þá kröfu stefndu, að arfshluti stefnandi verði lækkaður um kr. 6.000.00 vegna skuldar föður hennar við búið, þá er eigi unnt að taka kröfu þessa til greina, þar sem henni hefur verið mótmælt og engin gögn verið lögð fram í málinu henni til sönnunar.

Úrslit málsins verða þá þau, að stefndu verða allir dæmdir in solidum til að greiða stefnandi $\frac{1}{4}$ hluta arfshluta hennar, þ. e. kr. 15.777.37, en eftir atvikum þykir rétt, að vaxta og málskostnaðarkrafa gagnvart stefnda Rafni Reyni falli niður.

Stefndu Bjarni, Jón og Oddný verða enn fremur dæmd in solidum til að greiða stefnandi $\frac{3}{4}$ hluta af arfshluta hennar, þ. e. kr. 47.332.11, ásamt vöxtum af kr. 63.109.48, er þykja hæfilega ákveðnir 6% ársvextir frá 29. september 1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvextir frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvextir frá þeim degi til greiðsludags, enda hefur upphafstíma vaxtanna eigi verið andmælt.

Þá verða stefndu Bjarni, Jón og Oddný dæmd til greiðslu málskostnaðar in solidum, er ákveðst kr. 14.655.00 og renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnandi ákveðst kr. 14.655.00 og greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Kristni Ó. Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málflutningslaun.

Magnús Thoroddsen, fulltrúi yfirborgardómara, kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason, Oddný Svala Bjarnadóttir og Rafn Reynir Bjarnason, greiði í solidum stefnandi, Ólínu Guðlaugsdóttur vegna ólögráða dóttur hennar, Hildu Emilíu Hilmarsdóttur, kr. 15.777.37.

Stefndu Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason og Oddný Svala Bjarnadóttir greiði stefnandi in solidum kr. 47.332.11 ásamt 6% ársvöxtum af kr. 63.109.48 frá 29. september

1953 til 22. febrúar 1960, 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28. desember s. á. og 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu Bjarni Guðmundsson, Jón Bjarnason og Oddný Svala Bjarnadóttir greiði in solidum málskostnað, að fjárhæð kr. 14.655.00, er renni í ríkissjóð.

Málskostnaður til handa stefnandi, kr. 14.655.00, greiðist úr ríkissjóði. Af þeirri fjárhæð ber skipuðum talsmanni hennar, Kristni Ó. Guðmundssyni héraðsdómslögmanni, kr. 8.000.00 í málflutningslaun.

Dómi þessum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Fjárnámsgerð fógetaðóms Reykjavíkur 11. apríl 1964.

Ár 1964, laugardaginn 11. apríl, var fógetaréttur Reykjavíkur settur að Álfheimum 36 og haldinn þar af fulltrúa borgarfógeta, Viggó Tryggvasyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Málið A-503/1964: Ólína Guðlaugsdóttir gegn Oddnýju Svölu Bjarnadóttur.

Fógeti leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni, nr. 2 birtan dóm bæjarþings Reykjavíkur nr. 83/1962. Nr. 1 fylgir í eftirriti. Nr. 2 fylgir í frumriti, svohljóðandi:

Fyrir gerðarbeiðanda mætir Kristinn Ó. Guðmundsson héraðsdómslögmaður og krefst fjárnáms fyrir kr. 63.109.48 með 6% ársvöxtum frá 29/9 1953 til 22/2 1960, með 9% ársvöxtum frá þeim degi til 28/12 1960 og með 7% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, kr. 14.655.00 í málskostnað, kostnaði við gerðina og eftirfarandi uppboð/innheimtuaðgerðir, allt á ábyrgð gerðarbeiðanda, allt að frádregnum kr. 53.000.00.

Gerðarþoli býr hér, en er ekki viðstödd, en fyrir hann mætir Ólöf Gísladóttir, sem býr hér. Áminnt um sannsögli, kveðst hún ekki geta greitt.

Samkvæmt kröfu umboðsmanns gerðarbeiðanda lýsti fógeti yfir fjárnámi í eignarhluta gerðarþola, 5. hæð til vinstri í húseigninni nr. 36 við Álfheima.

Fallið var frá virðingu.

Fógeti skýrði þýðingu gerðarinnar og brýndi fyrir mættu að skýra gerðarþola frá fjárnáminu.

Upplesið, játað rétt bókað. Gerðinni lokið.